

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1472/97

frá 28. júlí 1997

### um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur fyrir lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 536/97 <sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 72. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89 <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1427/96 <sup>(4)</sup>, er mælt fyrir um almennar reglur um lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa.

Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90 <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 609/97 <sup>(6)</sup>, er mælt fyrir um nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa.

Hugtök sem notuð eru um geymslu á „vinho regional“ og gæðavínnum fth hafa öðlast viðurkenningu í Portúgal. Slík hugtök ber að fella inn í i-lið c-liðar í 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3201/90 með tilliti til valfrjálstrar notkunar þeirra við merkingu slíks víns.

Hugtök um átöppun víns hafa öðlast viðurkenningu í Grikklandi. Slík hugtök ber að fella inn í f-lið 1. mgr. 18. gr. og f-lið 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3201/90 svo að unnt sé að nota þau við merkingu slíks víns.

Rétt er að aðlaga I. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3201/90 með tilliti til hugtaka sem lýsa afburðagæðum og heita vínviðarabrigða sem nota má um vín sem eru flutt inn frá

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 200, 29.7.1997, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 81/98 frá 31. júlí 1998 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginum afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 83, 25. 3. 1997, bls. 5.

(3) Stjtið. EB nr. L 232, 9. 8. 1989, bls. 13.

(4) Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 3.

(5) Stjtið. EB nr. L 309, 8. 11. 1990, bls. 1.

(6) Stjtið. EB nr. L 93, 8. 4. 1997, bls. 9.

San Marínó og heita vínviðarabrigða sem nota má um vín sem eru flutt inn frá Slóvakíu.

Með reglugerð (EB) nr. 1427/96 er einkum breytt 26. gr. og 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89 hvað varðar skrá yfir innflutt vín sem lýst er með landfræðilegum lýsingum. Rétt er að taka saman skrána, sem um getur í síðustu undirgrein 1. mgr. 29. gr. síðari reglugerðarinnar, og aðlaga II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3201/90 til samræmis við það.

Tilteknir aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) hafa tilkynnt þau lagaákvæði sín er lúta að landfræðilegum lýsingum til ráðsins um samning um hugverkarétt í viðskiptum <sup>(7)</sup> (TRIPS-samninginn). Því er óþarfi að krefjast þess að þau lagaákvæði verði lögð fyrir framkvæmdastjórnina.

Önnur lönd sem eiga aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni bera við bráðabirgðaákvæðum 2. mgr. 65. gr. TRIPS-samningsins og hafa eigi að síður afhent framkvæmdastjórninni lagaákvæði sín um landfræðilegar lýsingar eins og þau eru nú.

Vegna tiltekinna vandamála í stjórnsýslunni hefur dregist að framkvæmdastjórninni bærust lagaákvæði um landfræðilegar lýsingar í Rússlandi og Úkraínu. Til þess að raska ekki viðskiptum er þessum löndum heimilt að halda þeim lagaákvæðum sem giltu fyrir 1. september 1997 og rétt er að færa þau til bráðabirgða í skrá B í II. viðauka uns staðfesting fæst á lagaákvæðum þeirra.

Landfræðilegar lýsingar varðandi vín, flutt inn frá þriðju löndum, í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3201/90 mega ekki leiða til þess að þeim verði ruglað saman við hugtak sem notað er um gæðavín fth í skránni sem um getur í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 823/87 <sup>(8)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1426/96 <sup>(9)</sup>, borðvín í skránni sem gerð hefur verið samkvæmt i-lið 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89 eða innflutt vín af skránni í samningum þriðju landa við bandalagið. Það verður að koma skýrt fram að þær samsvari þessum sérmerkingum hvorki að öllu leyti né að hluta og skulu þær skráðar á merkimiða með þeim hætti að skýr greinarmunur sé á þeim og öðrum upplýsingum.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit stjórnarnefndar um vín.

(7) Stjtið. EB nr. L 336, 23. 12. 1994, bls. 213.

(8) Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 59.

(9) Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 1.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 3201/90 er breytt sem hér segir:

1. Í f-lið 3. mgr. 3. gr. falli hugtakið „garrafeira“ brott.

2. Í stað 2. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„2. Hvað varðar síðustu undirgrein 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89, mega landfræðilegar lýsingar í II. viðauka við hana sem notaðar eru til að lýsa vínnum sem flutt eru inn frá þriðja landi ekki samsvara að fullu eða að hluta þeim hugtökum sem um getur í téðri grein og einkum skulu þær skráðar á merkimiða hins innflutta víns með þeim hætti að skýr greinarmunur sé á þeim og öðrum upplýsingum.“

3. Í stað fimmta undirliðar i-liðar í c-lið 2. mgr. 17. gr. komi eftirfarandi:

„- „velho“, sé um að ræða portúgölsk gæðavín fth, og „garrafeira“, sé um að ræða portúgalskt „vinho regional“ og gæðavín fth, að því tilskildu að portúgölsk ákvæði um notkun þessara hugtaka séu virt.“

4. Í 18. gr.:

- í stað f-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„f) um grísk vín: “εμφιάλωση από τον αμπελοργό” (sett á flöskur hjá vínræktanda), “εμφιάλωση από τον παραγωγό” (sett á flöskur hjá framleiðanda), “εμφιάλωση από τον αμπελοργό-παραγωγό” (sett á flöskur hjá vínræktanda), “εμφιάλωση από ομάδα αμπελοργών” (sett á flöskur hjá samtökum vínræktenda) og þegar ákvæðin í 6. gr. þessarar reglugerðar eru virt, “εμφιάλωση στον πύργο”, “εμφιάλωση στο μοναστήρι”, “εμφιάλωση στο κάστρο”, “εμφιάλωση στο κτήμα”, “εμφιάλωση στη βίλλα”, “εμφιάλωση στο αρχοντικό”.”

- Eftirfarandi liður bætist við 3. mgr.:

„f) fyrir grísk vín: “εμφιάλωση στη ζώνη παραγωγής” (sett á flöskur á framleiðslu-héraðinu), “εμφιάλωση στον τόπο παραγωγής” (sett á flöskur í framleiðsluhéraðinu), “εμφιάλωση στη ζώνη” (sett á flöskur í héraðinu) ásamt nafni hlutaðeigandi héraðs og/ eða bæjarfélags í því héraði.”

5. I., II. og IV viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. öðlast gildi 1. september 1997.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júlí 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

Viðaukum við reglugerð (EBE) nr. 3201/90 er breytt sem hér segir:

## I. Í stað I. viðauka komi eftirfarandi:

Við 11. lið, „SAN MARÍNÓ“ bætast eftirfarandi hugtök sem lýsa afburðagæðum:

„— „vino ad indicazione d'origine“

— „vino ad indicazione d'origine Riserva“.

## II. Í stað II. viðauka komi eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

Skrá sem um getur í 2. mgr. 11. gr. yfir þriðju lönd sem geta flutt út til Evrópusambandsins vín sem lýst er með landfræðilegri lýsingu.

**A. Skrá yfir þriðju lönd sem um getur í a-lið 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89<sup>(1)</sup>.**

A.1. *Lönd sem eiga aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og hafa tilkynnt lagaákvæði sín er lúta að landfræðilegum lýsingum í samræmi við 2. mgr. 63. gr. TRIPS-samningsins:*

## 1. SUÐUR-AFRÍKA

## 2. ÁSTRALÍA

Skráin sem um getur í síðustu undirgrein 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89 er sú sem birt er í B-hluta II. viðauka („Vín upprunnin í Ástralíu“) við samning sem Evrópubandalagið og Ástralía gerðu með sér árið 1994 um viðskipti með vín. <sup>(2)</sup>

## 3. BÚLGARÍA

Skráin sem um getur í síðustu undirgrein 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89 er sú sem birt er í B-hluta viðauka („Vín upprunnin í Búlgaríu“) við samning sem Evrópubandalagið og Búlgaría gerðu með sér árið 1993 um gagnkvæma vernd og eftirlit með vínheitum. <sup>(3)</sup>

## 4. BANDARÍKI NORÐUR-AMERÍKU

## 5. UNGVERJALAND

Skráin sem um getur í síðustu undirgrein 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89 er sú sem birt er í B-hluta viðauka („Vín upprunnin í Ungverjalandi“) við samning sem Evrópubandalagið og Ungverjaland gerðu með sér árið 1993 um gagnkvæma vernd og eftirlit með vínheitum. <sup>(4)</sup>

## 6. NÝJA SJÁLAND

## 7. TÉKKLAND

<sup>(1)</sup> Þótt land sé nefnt í þessari skrá hefur það ekki áhrif á réttindi þess og skyldur né heldur réttindi og skyldur bandalagsins gagnvart Alþjóðaviðskiptastofnuninni, einkum að því er varðar TRIPS-samninginn.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 86, 31. 3. 1994, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 337, 31. 12. 1993, bls. 11.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 337, 31. 12. 1993, bls. 94.

8. SLÓVAKÍA

9. RÚMENÍA

Skráin sem um getur í síðustu undirgrein 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89 er sú sem birt er í B-hluta viðauka („Vín upprunnin í Rúmeníu“) við samning sem Evrópubandalagið og Rúmenía gerðu með sér árið 1993 um gagnkvæma vernd og eftirlit með vínheitum. <sup>(1)</sup>

10. SVISS

11. SLÓVENÍA

A.2. *Lönd sem eiga aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og bera við bráðabirgðaákvæði 2. mgr. 65.gr TRIPS-samningsins og hafa lagt lagaákvæði sín sem lúta að landfræðilegum lýsingum fyrir framkvæmdastjórnina:*

1. ARGENTÍNA

2. CHILE

3. KÝPUR

4. EGYPTALAND

5. ÍSRAEL

6. MAROKKÓ

7. MEXÍKÓ

8. TÚNIS

9. TYRKLAND

10. ÚRÚGVÆ

**B. Skrá yfir þriðju lönd sem um getur í b-lið 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89**

1. ALSÍR

2. MAKEDÓNÍA, FYRRVERANDI LÝÐVELDI JÚGÓSLAVÍU

3. KRÓATÍA

4. MOLDAVÍA

5. RÚSSLAND <sup>(2)</sup>

6. SAN MARÍNÓ

7. ÚKRAÍNA <sup>(2)</sup>“.

<sup>(1)</sup> Stjórn. EB nr. L 337, 31. 12. 1993, bls. 178.

<sup>(2)</sup> Bráðabirgðaflokkun um staðfesting lagaákvæða liggur fyrir.

III. IV. viðauki við reglugerð (EBE) nr. 3201/90 breytist sem hér segir:

1. Í stað 16. liðar „SAN MARÍNÓ” komi eftirfarandi:

„16. SAN MARÍNÓ

Skrá yfir afbrigði sem heimilt er að flytja inn í bandalagið

Biancale

Canino

Cargarello

Chardonnay

Moscato

Pinot Bianco

Ribolla

Sangiovese.”

2. Eftirtalið vínviðarafbrigði bætist við 19. lið „SLÓVAKÍA”:

„Chardonnay”.

---